

Fundur í foreldraráði Undralands 8. mars 2024 kl 8:15

Mættar voru Anna Erla Valdimarsdóttir, Guðrún Magnea Guðnadóttir, Irpa Hlynsdóttir og Sjöfn Ingvarsdóttir

1. Rætt um skipan í ráðið, starfstíma og verkefni.
Lagt til að þar sem stutt er eftir af skólárinu sitji sitjandi ráð áfram út skólaárið og kallað verði eftir framboðum í nýtt ár að loknu sumarfríi. Allir sammála.
2. Starfsreglur yfirfarnar og uppfærðar. Engar stórar breytingar gerðar.
3. Drög að agastefnu Undralands lögð fyrir ráðið.
Starfsfólk leikskólans var búið að setja saman agastefnu og foreldraráð las yfir, gerði smávægilegar breytingar og samþykkti. Stefnan verður því næst lögð fyrir Skólanefnd til samþykktar og að því loknu birt á heimasíðu leikskólans.
4. Rætt um hækkun gjalds í Foreldrafélag leikskólanna og mál tengd Foreldrafélaginu.
Foreldraráð Óskalands tók ákvörðun um að hækka gjald í Foreldrafélag úr 250 kr í 500 kr. Foreldraráð Undralands tekur undir að tímabært sé að hækka gjaldið en gerir athugasemd við verklag og óskar eftir útskýringu á hækkun og tilkynningu frá Foreldrafélagi. Ráðið telur eðlilegt að ákvörðunin sé tekin í sameiningu og hækkun rökstudd. Óskað eftir að reglur foreldrafélagsins væru sýnilegar og Anna Erla ætlar að kalla eftir þeim.
Umræða spannst um hvort foreldrafélag ætti að vera sameiginlegt eða aðskilin fyrir hvorn leikskóla.
5. Drög að Læsisstefnu Undralands
Á dagskrá var að yfirfara og samþykkja/hafna drögum að Læsisstefnu en það náðist ekki og verður lagt fyrir næsta fund þann 22. mars kl 15
6. Netfang foreldraráðs
ákveðið að stofna netfang fyrir ráðið í stað þess að nota persónuleg netföng fulltrúa. Irpa tekur málið að sér og stofnar foreldrarad.undraland@gmail.com

Fundi slitið kl 10.